



**Ávarp forseta Íslands
Guðna Th. Jóhannessonar
við afhendingu Íslensku þýðingaverðlaunanna**

**Gljúfrasteini
18. febrúar 2023**

Ágætu þýðendur,
formaður og fulltrúar Bandalags þýðenda og túlka,
Rithöfundasambands Íslands og
Félags íslenskra bókaútfendenda,
aðrir góðir gestir.

Mikið er gaman að vera með ykkur á þessum fallega stað. Ég leyfi mér að þakka fyrir hönd okkar allra ljúfan söng og tóna Eyjólfis Más Sigurðssonar, þakka þeim líka sem hafa undirbúið viðburðinn og hlakka til að afhenda senn Íslensku þýðingaverðlaunin.

Sú viðurkenning er ekki aðeins til heiðurs þeim sem hana hlýtur. Með henni áréttum við líka mikilvægi þýðinga í okkar samfélagi, mikilvægi þess að við getum notið erlendra verka á okkar tungu, og ekki síður mikilvægi þess að við getum miðlað íslenskum bókmenntum og fræðum til fólks sem vill njóta þeirra en kann ekki íslensku.

Þetta er því gleðistund og við látum ekkert skyggja á hana. Ég stenst samt ekki mátið og nefni hversu leitt það er að heyra enn eitt dæmi um lítinn metnað og litla virðingu fyrir íslenskri tungu – að ensku sé gert hærra undir höfði en íslensku á skilti á fallegu og nýuppgerðu húsi við Austurvöll. Þar að auki mætti enski textinn víst vera betri ef út í það er farið, virðist vera ankannaleg og bein þýðing á íslenskum heitum, kannski bara vélræn ef út í það er farið. Hvernig væri að vanda sig ögn betur? Og hvernig væri að hugsa til þess hvort útlendingum, sem hingað koma, sé gerður greiði með því að láta sem flest blasa best við þeim á ensku? Auðvitað er ekkert að því að birta hvers kyns upplýsingar á því alheimsmáli, við gerum það til dæmis á Bessastöðum. En íslenska má vera í fyrirrúmi og ég þykist reyndar vita að erlendir gestir okkar, sem koma hvaðanæva, skilji það og vilji.

Ágætu áheyrendur: Þá hefur það verið sagt. Snúum okkur aftur að gleðinni, snúum okkur aftur að þýðingum, þýðendum og þýðingu þeirra. Þýðingar eru vandaverk og skiltagerðin við Austurvöll má jafnvel kallast örlítið dæmi um það. Meira að segja skáldið, sem bjó svo lengi hér á Canyonstone (!), lenti á villigötum þegar hann snaraði heiti þekktis verks úr ensku yfir á íslensku, og úti í heimi sagði Václav Havel eitt sinn að suma búta í hans leikritum væri hreint ómögulegt að þýða yfir á önnur mál – meiningin skildist aðeins á tékknesku.

Já, þýðingar eru vandasamur starfi, það segi ég aftur og enn, og heiður þeim sem heiður ber. Íslensku þýðingaverðlaunin í ár hlýtur Pétur Gunnarsson fyrir snilldarþýðingu sína á Játningum Jeans Jacques Rousseaus. Ég flyt hér umsögn og rökstuðning dómnefndar:

Í Játningum sínum gengur Rousseau á hólmi við sjálfan sig og tilveru sína og dregur ekkert undan, eins og hann raunar lofar lesendum sínum, og birtist okkur án skrautklæða, nánast nakinn, og leggur áherslu á að hann sé einstakur þótt hann beri ekki af öðrum mönnum. Rousseau ætlar þessu verki sínu dýrmætt hlutverk; það skal vera framlag hans til rannsóknar á manningum og eðli hans. Líklega er honum ljóst að sjálfsævisögur manna eru ekki ævinlega gott frumgagn til að kynna mannskepnunni eins og hún er í raun. Hann lýsir yfir: Svona er ég. Hvernig eruð þið? Þið getið dæmt mig en eruð þið, ef þið afhjúpast, eitthvað skárri? Því má þannig ekki gleyma að Játningarnar er öðrum þræði varnarrit manns sem telur sig órétti beittan, jafnvel ofsóknum, enda virtist Rousseau sjá óvini í mörgu horni.

Segja má að vorir tímar séu ekki tími játninga. Kannski má öllu fremur kenna þá við yfirhýlmingar. Sakaðir um ýmsa ósvinnu veifa menn gjarna sakleysi sínu en engri sök, og finna þar til margt, kenna ýmsu og ýmsum um, en ekki sér sjálfum. Játningar Rousseau eru því að þessu leyti merkilegt framlag til vorra tíma: Við skulum gangast við því að við erum ekki fullkomin; okkur verður á, stundum illilega. Við skulum viðurkenna það.

Þýðanda er, eins og áður sagði, mikill vandi á höndum en Pétri bregst ekki bogalist. Þýðing hans stendur undir væntingum allra þeirra sem láta sig varða íslenskt mál og möguleika þess til tjáningar. Í fyrstu bók Játninganna ritar Rousseau þetta: „Dómsdagslúðurinn má gjalla þegar honum líst og ég mun mæta mínum æðsta dómara með þessa einu bók í hendi.“ Með þessa góðu þýðingu Játninganna getur Pétur Gunnarsson mætt sínum æðsta dómara og fengið sér sæti við hlið Rousseau.

Ég óska Pétri Gunnarssyni innilega til hamingju með Íslensku þýðingaverðlaunin.